RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
13. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FIMMTUDAGINN 13.11.2008

Gestir fundarins voru Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri Stafa.

Formaður setti fund og sagði stöðuna í efnahagsmálum mjög svo brothætta. Mikið væri af "efum" ef svo mætti segja. Það vantar mikið uppá trúverðuleikann hjá þeim sem eru að reyna að bjarga málunum og þjóðinni frá gjaldþroti, þetta er jú sama fólkið og kom þjóðinni í þessa stöðu sem hún er í í dag. Farið er að bera mikið á uppsögnum hjá fólki þ.á.m. rafiðnaðarmönnum en um 200 uppasgnir hafa borist nú þegar.

STAÐAN Í DAG: Gylfi Arnbjörnsson sagði að fall bankakerfisins væri kostnaður uppá ca 8-9% af allri landsframleiðslu þessa árs. Þá mun landsframleiðslan dragast saman um 1-2% á þessu ári og um 8-9% á því næsta. Ef tekst að ná tökum á krónunni verður þetta snökkt bað, annars má búast við miklum samdrætti t.d. í íbúðabyggingum og verðbólga sennilega fara í um 20%. Samtök launafólks hafa fært það í tal og fært rök fyrir því við ríkisvaldið að það fari nú í mannaflsfrek viðhaldsverkefni til að auka atvinnu í landinu. Eins má gera ráð fyrir að Helguvíkurframkvæmdir haldi áfram. Búast má við snöggum samdrætti í einkaneyslu. Það er samt forgangsverkefni að koma í veg fyrir algjört hrun heimila í landinu vegna skuldsetninga. Finna verður ásættanlega leið út úr þeim vanda. Þá má búast við að kaupmáttur launa falli um 7-10% á næsta ári, og að atvinnuleysi verði um 4% í lok ársins og um 5% í lok þess næsta.

Mjög brýnt er að verja störfin og finna leiðir til úrbóta fyrir þá sem lenda í atvinnuleysi, t.d. með því að heimila mönnum að setjast á skólabekk á bótum og þar fram eftir götum. Mikil hætta er á, að íslendingar einangrist því enginn vill eiga við okkur samskipti né viðskipti hvað þá að okkur sé treyst í peningnamálum. Komnar eru fram góðar tillögur til úrslausnar á vandanum en það vantar allan dug í ráðamenn þessa lands til að hrinda þeim í framkvæmd. Þá er mikil reiði í þjóðfélaginu og menn krefjast svara hvað sé til ráða til að endurreisnarstarfið geti hafist. En engin svör koma frá ráðamönnum.

LÍFEYRISSJÓÐURINN STAFIR: Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins sagði í upphafi síns máls, að staðan á Íslandi væri afar sérstæð hvað varðaði lífeyrissjóðina, því að fjármálaeftirlitið hefði lagt blátt bann við allri upplýsingagjöf sjóðanna vegna óvissunnar i efnahagsmálum þessa lands. Hann sagði reiði sjóðsfélaga mikla, og að sjóðurinn myndi bjóða uppá skuldbreytingu lána, og farið væri að bera á því að atvinnurekendur gætu ekki greitt iðngjöldin til sjóðsins. Þá sveiflast innlendir jafnt sem erlendir verbréfasjóðir eins og strá í vindi þessa dagana.

Varðandi séreignasparnaðinn þá ríkir mikil óvissa. Varðandi réttindaskerðingu þá áréttaði hann, að það þyrfti samþykki ársfundar til að það væri hægt.

SAMNINGAMÁL: Verið er að vinna í því, að reyna að ná samningum við þau fyrirtæki og stofnanir sem eftir eru. Það eru m.a. orkugeirinn, Síminn og fleiri fyrirtæki. Um þessar mundir er verið að lækka laun hjá fyrirtækjum svo það er kannski svolítið öfugsnúið að við séum að sækja launahækkanir á sama tíma

Helgi Jónsson ritari.